

Nr. 060 / 09 Frosti ÞH 229**Efnaslys, ammoníakleki**

Skipaskr.nr. 2067
Smíðaður: Gdansk Pólland 1990
Stærð: brl. 392.9 bt. 622.0
Mesta lengd: 39.3 m Skráð lengd: 34.65 m
Breidd: 9.4 m Dýpt: 6.5 m
Vél: Sulzer Cegielski, 1280 kW, 1989/7
Fjöldi skipverja: 17



Frosti©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. júní 2009 var Frosti ÞH 229 við bryggju á Grenivík.

Verið var að vinna við viðhald í skipinu þegar upp kom leki frá kælikerfi skipsins og var slökkvilið kallað til. Slökkviliðsmönnum og viðgerðarmanni í eiturefnabúningum tókst að stöðva lekann. Notaður var vatnsúði til að fella efnið og varð engum meint af.



Myndin sýnir slökkviliðsmenn að störfum.
(Mynd©Örlygur Hnefill)

Við rannsókn kom fram:

- að sögn yfirvélstjóra var lokið við uppsetningu og þrýstiprófun nýs búnaðar í frystikerfi skipsins og hvergi hafði fundist leki. En þegar hann og tæknimenn áttu leið framhjá hluta búnaðarins fannst örlítil ammoníakslykt. Hann bað tæknimennina að kanna samsetningar og brá einn þeirra lykli á rörsamsetningu og herti að en þá gekk hún í sundur og fljótandi vökvinn spýttist út;
- að sögn tæknimanns framkvæmdaraðila hafði ein-skera kónn gengið fram af rörinu í nipplinum þegar hann herti meira á tengingunni;
- að tengingin sem dróst í sundur var 10 mm rörsamasetningu aftan við brú fyrir ofan trollpílarið;

- að kælikerfið rúmar um 1.500 lítra af ammoníaksvökva (í stórum frystiskipum getur verið allt að 10.000 lítrar) sem spýttist undir miklun þrýstingi út um samsetninguna og taldi tæknimaður að um 70 til 80% af efninu hefði lekið út. Það sem ekki varð að gufu lak niður á togþilfar og í sjóinn;
- að tveir eiturefnabúningar voru um borð í skipinu;
- að talið er að um ein og hálf klukkustund hafi liðið frá því samsetningin rofnaði þar til búið var að skrúfa fyrir rennslið.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök atviksins vera slægleg vinnubrögð við kónun rörsins.